

# Hálsmen til styrktar hjartveikum börnum



Sif og Eggert skoða silfurhálsmenið sem selt er til styrktar Neistanum.  
*Ljósmyndir: Gísli Baldur Gíslason*

Verzlunin Leonard hefur ákveðið að Neistinn, styrktarfélag hjartveikra barna, fái allan ágóða af sölu á sérstöku silfurhálsmeni. Salan hefst í byrjun desember. Menið er gert eftir teikningu Eggerts Péturssonar, eins þekktasta listmálara þjóðarinnar, en Sif Jakobs skartgripahönnuður útfærði hugmyndina.

Hálsmenið er byggt á hjartalaga aldinum íslenskrar jurtar sem nefnist hjartarfi og er skreytt fögrum skrautsteinum.

Þessi vandaði skartgripur er aðeins til sölu í verslunum Leonard í Kringlunni og Leifsstöð og er framleiddur í takmörkuðu magni.